

Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga

Tómthúsið, Innviðaráðuneyti

2. apríl 2024

Mætt: Hermann Sæmundsson, Aðalsteinn Þorsteinsson, Tómas Brynjólfsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Arnar Þór Sævarsson, Einar Þorsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Anna G. Ólafsdóttir.

1. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um skólamáltíðir – Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur kemur á fundinn.

HS og BJÓ kynntu drög að frumvarpi um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Drögin fela í sér að ríkið greiði sveitarfélögum 3,7 milljarða í gegnum Jöfnunarsjóð á næstu fjórum árum til að standa straum að 75% kostnaði við skólamáltíðir í grunnskólum. Fram kom að með hliðsjón af markmiði um fríar skólamáltíðir myndi Jöfnunarsjóður væntanlega kalla eftir formlegum ákvörðunum sveitarfélaganna þessa efnis í tengslum við útgreiðslu fjárins. Fjárframlag til sveitarfélaganna miðast við fjölda skráðra nemenda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi og verður greitt út mánaðarlega yfir vetrartímann.

Fulltrúar sveitarfélaganna veltu því meðal annars upp hvort að rétt væri að greiðslur færu í gegnum Jöfnunarsjóð og fengu þau svör að sjóðurinn væri best til þess fallinn þó vissulega væri hægt að fara aðrar leiðir á borð við fjármögnun í gegnum framlög til grunnskóla. Með sama hætti var vakin athygli á áhyggjum sveitarfélaganna af því hvað myndi gerast þegar greiðslunum sleppti að loknum fjórum árum. Óskað var eftir tilnefningu fulltrúa innviðaráðuneytis í hóp með fulltrúum sveitarfélaganna um tillögur að útfærslu gjaldfrjálsra skólamáltíða í sveitarfélögunum. HS kvað sjálfsgagt að tilnefna fulltrúa úr ráðuneytinu í slíkan samráðshóp. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir sérfræðingur mun taka þátt í því verkefni af hálfu innviðaráðuneytisins.

HS bað fulltrúa sveitarfélaganna um að bera frumvarpsdrögin undir bakland sitt hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og svara ráðuneytinu um hvort lagðar væru til breytingar sem allra fyrst, helst þannig að hægt væri að fjalla um frumvarpið á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudag. Fulltrúar sveitarfélaganna óskuðu eftir staðfestingu ríkisins á því að upphæð greiðslna til sveitarfélaganna tæki breytingum samkvæmt almennti verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni.

2. Drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2025–2029 skv. 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 – Guðrún Ögmundsdóttir kynnir.

GÖ kynnti drög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaganna fyrir árin 2025-2029. Samkomulagið er í samræmi við fyrra samkomulag, minnisblað samráðsnefndar um opinber fjármál um áætlaða afkomu sveitarfélaganna og fjármálaáætlun til næstu fjögurra ára.

GÖ lofaði að senda drög að samkomulaginu formlega til Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir að gerð hefði verið smávægileg breyting á uppsetningu textans á einum stað. HBH sagði að fjallað yrði um drögin á stjórnarfundum sambandsins á föstudaginn 5. apríl. Ef ekkert kæmi upp á yrði hægt að skrifa undir samkomulagið eins og hefð væri fyrir áður en fjármálaáætlun yrði samþykkt á þinginu þann 11. apríl. Reiknað er með að undirskriftin verði rafræn.

3. Önnur mál.

EP velti því upp hvort samræmi væri á milli fjármálaáætlunar og samgöngusáttmála. HS sagði að brugðist yrði við hugsanlegu ósamræmi með breytingu á tímalínu samgöngusáttmála ef á þyrfti að halda í tengslum við samþykkt fjármálaáætlunar 11. apríl.

APS velti því upp hvort samhljómur væri gagnvart því að hefja vinnu við drög að stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á svið stafrænnar vegferðar til framlagningar á fundi Jónsmessunefndar í maí. Fulltrúarnir lýstu sig einróma samþykka því að þessi leið væri farin.

Fundurinn stóð yfir frá 15.00 til 16.00.